



Fornleifaskráning
vegna deiliskipulags
við Dvergasteina 1, 2, 2a, 3 og 5
á Stokkseyri



Guðlaug Vilbogadóttir, Edda Linn Rise og Kristín Erla Þráinsdóttir

Júní 2007

2007/6

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Fornleifaskráning og aðferðir	4
Aðferð við fornleifaskráningu	5
Jarðanúmer	5
Tegund, hlutverk og heiti	5
Lega	6
Staðhættir og lýsing	6
Hættumat	6
Heimildir	6
Heimildarmenn	7
Sagajarðanna og fornleifar	7
Saga Móhúsa eystri	8
Náttúrufar og jarðarbætur	9
Heimildaskrá	10
Fornleifar í landi Móhúsa eystri	12
Niðurlag	25

Inngangur

Með bréfi dagsettu 18. maí 2007 óskaði Grétar Zóphaniásson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild Árborgar, að gerð yrði deiliskráning fornleifa á fyrirhuguðum lóðum nr. 1, 2, 2a, 3 og 5 við götuna Dvergasteina á Stokkseyri. Í samtali við Grétar nokkrum dögum síðar, eða 22. maí, kom fram að svæði þetta hefði væntanlega tilheyrt Móhúsum eystri, sem voru ein af hjáleigum Stokkseyrarjarðarinnar. Haustið 2005 önnuðust Edda Linn Rise og Kristín Erla Þráinsdóttir fornleifafræðingar aðalskráningu fornleifa á jörðinni Móhúsum eystri. Í þessari skýrslu er stuðst við þá skráningu, en auk þess kannaði Guðlaug Vilbogadóttir svæðið með hliðsjón af deiliskráningarreitnum og framkvæmdum á honum. Á svæðinu norðaustan götunnar var til skamms tíma tjaldstæði fyrir ferðamenn á Stokkseyri með tilheyrandi þjónustuhúsum, en þau hús hafa nú verið fjarlægð (Lýður Pálsson), en merki um hús sést austan til að svæðinu með tilheyrandi lögnum.

Svæðið sem um ræðir liggur sitt hvoru megin við götuna Dvergasteina. Suðaustan götunnar er gert ráð fyrir tveimur húsum, nr. 2 og 2a, sem standa eiga milli Hásteinsvegar og Dvergasteina annars vegar og hins vegar milli lóðarinnar að Dvergasteinum 4 og götunnar Stjörnusteina. Þetta svæði er alls um 56 m langt og 28 m breitt á milli gatnanna, nokkurn veginn ferkantað. Norðaustan við götuna liggur skipulagsreiturinn frá lóðinni nr. 4 við Stjörnusteina í átt að íbúðarhúsinu Dvergasteinum. Á þessu svæði er gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsum, nr. 1, 3 og 5. Þetta svæði er um 78 m langt við götuna. Lóðir tveggja fyrstu húsana ná 38 m frá götunni, en þriðja lóðin er 38 löng vestast en mjókkar í austur í um 18 m. Langstærstur hluti reitsins hefur verið jafnaður út og tyrfdur, en norðausturmörk lóðanna nr. 1, 3 og 5 liggja að óráktuðu og ónýttu landi, þýfðum móa og stórum mýrarfláka.

Deiliskráningin var gerð í maí og júní 2007.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eðajarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr.

11. gr."

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að

tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagr þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort Verkfræðistofu Suðurlands og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi hennar.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Móhús eystri 182319, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 157 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Móhúsa eystri væri nr. 1 og þar afleiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Móhús eystri 182319-157-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númeri í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með bernm augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Landhönnun. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að gripa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls

eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildarmenn

Heimildarmenn við skráningu Móhúsa eystri voru Grétar Zóphaniásson (2501402740), Jens Petersen (1503432679), Lýður Pálsson (3006662999) og Páll Sigurgeirsson (1012308139).

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Móhús eystri - 182319-157

Fjöldi minja: 19- þar af 5 utan skipulagssvæðis og 13 með óvissa staðsetningu

Saga

Móhús eystri voru ein af hjáleigum Stokkseyrarjarðarinnar og kemur hjáleigan fyrst fyrir í heimildum árið 1681 og þá talin byggð úr Móhúsum vestri (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:202). Árið 1708 var Stokkseyrarjörðin skráð í *Jarðabókina* og voru hjáleigur Stokkseyrar þá 24 talsins og voru Móhús eystri skráð sú áttunda (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:63-64). Móhús eystri var ein af þeim hjáleigum er tilheyrðu ábýli Guðmundar West og „Stokkseyrar-Dísu“ (Þórdísar Markúsdóttur) (Vigfús Guðmundsson. 1945:57).

Guðni Jónsson sem skrifaði m.a. bókina *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*, telur að eitt sinn hafi hjáleigurnar Móhús eystri og vestri verið ein hjáleiga: „Hjáleigur þessar hafa upphaflega verið eitt býli, en þegar á hjáleigutímabilinu hefir því verið skipt í tvennt, eins og átt hefir sér stað um Götu [182323-162), Íragerði [182325-164) og Rauðarhól [165578-168 og 165541-169).“ (Guðni Jónsson. 1952:308).

Nafn Móhúsa eystri hefur ekki tekið miklum breytingum í aldanna rás en ritháttur þess hefur þó breyst lítillega. Árið 1703 var talað um Austari Móahús (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:514), árið 1708 Litlu Móhús (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:63-4), árið 1801 Eystre Moohuus (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:215) og árið 1829 í húsvitjunarbók er hjáleigan nefnd Austur-Móhús (Guðni Jónsson. 1952: 192). Eftir það er hjáleigan ýmist kölluð Eystri-Móhús eða Móhús eystri (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:302; Johnsen, J. 1847:60; *Fasteignabók*. 1932:11). Guðni Jónsson veltir nafngift Móhúsa eystri fyrir sér og segir: „Í Jarðabók ÁM. 1708 nefnist býlið LitluMóhús, og mun það vera hið upphaflega nafn þess, þar eð sýnilegt er, að það hefir í öndverðu verið byggt úr Vestri-Móhúsum, sem nefndust forðum Stóru-Móhús til aðgreiningarfránýja býlinu.“ (Guðni Jónsson. 1952:225).

Sé miðað við tímabilið frá 1703 til 1845, hefur íbúafjöldinn í Móhúsum eystri verið í meðallagi eða að meðaltali fimm manns. Árið 1703 bjuggu þar fjórar manneskjur (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:514), fjórar aftur árið 1801 (*Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:215), sex árið 1816 (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:302) og fimm árið 1845 (*Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982:220).

Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*: „Landskuld xxx álnir í landaurum ut supra. Kúgildi i. Leigur gjaldast ut supra. Kvaðir ut supra. Kvikfje i kýr, i hross með fyli. Fóðrast kann áðurtalið kvikfje." (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981:63-64). Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð árið 1847, var landskuld Móhúsa eystri 0,30 og kúgildið 1 (Johnsen, J. 1847:60).

Um eigendur að hjáleigunni fjallar Guðni Jónsson lítillega í bók sinni *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi* en þar segir: „Árið 1793 seldi mad. Þórdís Jónsdóttir í Dvergasteinum [182320-158] hjáleigurnar Eystri-Móhús og Götu [182323-162]. ... Bráðlega hefir þó hjáleiga þessi sameinast aftur Stokkseyrareigninni, og síðan 1935 hefir hún verið eign ríkissjóðs ásamt henni." (Guðni Jónsson. 1952:225). „Árið 1948 skemmdist íbúðarhúsið svo af bruna, að það varð óhæft til íbúðar og hefir verið í eyði síðan." (Guðni Jónsson. 1952:230).

Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1861 var jörð Móhúsa eystri metin á 2.97 hundruð (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:202). Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið. Þá stóð á hjáleigunni timburhús (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905:185). Á túnakorti Móhúsa eystri sem líklega var teiknað árið 1920, má sjá skráðan bæ, matjurtagarð og barnaskóla. Stærð túnsins var þá 1,8 ha og helmingur þess sléttur, matjurtagarðar voru 1764 m² að stærð (Túnakort. [1920.] *Móhús eystri*). Matjurtagarðarnir voru 1380 m² að stærð árið 1932 (*Fasteignabók*. 1932: 11). Á heimasiðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar

skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því er það hús sem skráð er á túnakortið nú (2007) horfið. Elsta húsið sem þar stendur í dag er byggt árið 1968 og er íbúðarhús sem kallast Sæfell. Húsið stendur við götuna Stjörusteina og er númer 4.

Á Móhúsum eystri stóð timburhús fyrir jarðskjálftann 1896 (Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905: 185) og í *Manntalinu* frá árinu 1910 segir að á hjáleigunni standi sjö herbergja timburhús. En það lítur út fyrir að annað timburhús hafi staðið á Móhúsum eystri það ár, en herbergjafjöldi þess var ekki þekktur (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:172-5). Það er eina heimild um að á Móhúsum eystri hafi verið tvíbýli. Í bók Vigfilsar Guðmundssonar, *Saga Eyrarbakka*, er fjallað um að annað timburhúsanna hafi sennilega verið elsta timburhús Stokkseyrar: „Talið er víst, að þá er skattskýrslan var gerð, hafi ekki verið til í Stokkseyrarhverfi nema eitt íbúðarhús úr timbri, annað en á Stokkseyri. Var það hús Jóns í Eystri-Móhúsum og gat þá verið notað við ábúðina. Telur Símon, sonur Jóns, að hús þetta sé fyrsta timburhúsið á Stokkseyri. Aðrir telja, að það sé Stokkseyrarhúsið, og að þar hafi sést fyrsta járnþakið á Stokkseyri ... Bæði húsin víst byggð um líkt leyti og litlu fyrir 1890, með því að 1887 er ekkert timburhús skattskýlt á Stokkseyri " (Vigfús Guðmundsson. 1949:201-202).

Í *Sunnlenskum byggðum* er fjallað lítillega um landgæði Móhúsa eystri en þar segir: „Litlir möguleikar og engir til landbúskapar. Það einkenndi Móhúsin bæði að þar bjuggu um tíma sjósóknarar miklir sem urðu menn ríkir. Hin hliðin þekktist líka, einkum um Móhús eystri." (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:202).

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðán Jónsson. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.

Annað bindi. [Árnessýsla.] Ljósprentuð útgáfa bókarinnar frá 1918-1921, sem gefin var út í Kaupmannahöfn af Hinu íslenska fræðafjelagi. Reykjavík: Sögufélagið.

Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík: [Fjármálaráðuneytið.]

Grétar Zóphaniásson (2501402740). 2007, maí. Munnleg heimild.

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.

Jens Petersen (1503432679). 2005, haust. Munnleg heimild.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Höfundur.

Lýður Pálsson (3006662999). 2007, maí. Munnleg heimild.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Áma Magnússonar og Páls
Vidalín. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Akureyri og Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna.
Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Páll Sigurgeirsson (1012308139). 2005, haust. Munnleg heimild.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. [Páll Lýðsson bjó til prentunar. Selfoss:] Búnaðarsamband Suðurlands.

Túnakort. [1920.] *Móhús eystri. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Vígfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka.* Fyrri bindi, fyrri hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Vígfús Guðmundsson. 1949. *Saga Eyrarbakka.* Síðara bindi, fyrri hefti. Reykjavík: Víkingsútgáfan.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-1

Utan deiliskipulagsreits

Sérheiti: Móhús eystri

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: E: 398561 N: 372004

Skekkja: 4,5

Ástand: Slæmt

Horfín: Já

Heimildamaður: Jens Petersen

(1503432679)



Staðhættir

Móhús eystri stóðu þar sem bílskúr Sæfells (Stjörnusteina 4) stendur nú og við íbúðarhúsið Sæfell, norðanvert (Jens Petersen).

Lýsing

Enginn bæjarhóll er á Móhúsum eystri. Íbúðarhúsið brann skömmu áður en núverandi ábúandi keypti húsið. Það hús var á tveimur hæðum, og var tvíbýli (Jens Petersen), væntanlega sama húsið og segir frá í *Manntalinu* frá árinu 1910, en þar er greint frá sjö herbergja timburhúsi á Móhúsum eystri (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*).

1997:172-5). Húsið sést á túnakorti sem líklega er gert árið 1920 (Túnakort. [1920.] *Móhús eystri*).

„Árið 1948 skemmdist íbúðarhúsið svo af bruna, að það varð óhæft til íbúðar og hefir verið í eyði síðan." (Guðni Jónsson. 1952:230). Líklegt má telja að það hafi verið hús sem byggt var af Jóni Jónssyni, sem bjó á Móhúsum eystri 1870-1903 (Guðni Jónsson. 1952:229). „Hann reisti annað fyrsta íbúðarhús úrtimbri í Stokkseyrarhverfinu (1890), og kostaði það sem svaraði inneign hans í Vesturbúðinni [á Eyrarbakka] eftir eina góða vertíð." (Guðni Jónsson. 1952:229).

Ábúandinn, sem þar býr í dag (2005), ruddi steinum úr húsinu út í dæl sem er NA við húsið, þeir steinar eru þar enn (Jens Petersen).

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Reykjavík:

Stokkseyringafélagið í Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th.

Kjartansson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Túnakort. [1920.] *Móhús eystri*. *Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Móhús eystri 182319-157-2

Hlutverk: Túngarður Tegund:

Garðlag

Staðsetning: E: 398589 N: 371982

Skekkja: 4,3

Hleðsluhæð: 0,2 m

Lengd: 15 m

Breidd: 0,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir



Túngarður liggur úr V í SA í um 13 m og er vesturendinn um 20 m frá húsinu Sæfelli. Garðurinn sveigir í SA endanum í NA á 2 m kafla, þá kemur um 4 m breitt skarð í garðinn. Garðurinn heldur því næst áfram í NA átt í um 10 m en NA endinn er um 2 m vestur af 3 vegg, sé talið frá suðri, af fjárhústóft [3]. Austurendi garðsins er um 8 m SV af SV horni fjárhústóftarinnar [3].

Lýsing

Hleðslugrjótið sést vel og er allt mosavaxið. Sami gróður er að mestu á og við hleðsluna og í umhverfinu í kring, en hleðslan er þó ekki hulin gróðri. Hæð hleðslunnar er í hæsta punkti um 20 sm og er breidd hennar 0,5 m.

Móhús eystri 182319-157-3

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: E: 398603

N: 371982

Skekkja: 4,5

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 15 m

Breidd: 10 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildarmenn: Jens Petersen (1503432679), Grétar Zóphaniasson (2501402740)



Staðhættir

Heimildarmönnum ber ekki saman um hvort útihús þetta hafi tilheyrt jörðinni Götu [182323-162] eða Götuhúsum [165571-151-96]. Tóftin er um 2 m SA af NA enda garðsins [2], og 150 m NNV af Dvergasteinum [182320-158] og 50 m ASA af Sæfelli. Ekki er heldur ólíklegt að hér hafi staðið eitt af bæjarhúsum Móhúsa eystri ([8] eða [9]).

Lýsing

Tóftin er í utanmáli 10 m á breidd NS og 15 m á lengd í AV. Dyr tóftarinnar snúa í norður. Tóftin samanstendur af þremur rýmum öll með svipað háa hleðsluhæð og lík að stærð. Veggir eru allir að meðaltali um 2 m að þykkt og hæð í hæsta punkti um 1,5 m.

Timbur, járnleifar og grjót finnast víða í tóftinni. Gróður er að mestu leyti sá sami á tóftinni og í umhverfinu í kring en þó eilítið blómlegra. Austasta rými tóftarinnar er að innanmáli um 2,5 m breitt og um 7 m á lengd. Innst í því rými er eins og smá veggjastubbur sem er 1 x 1 m að stærð og gengur hann út úr innsta veggnum, og liggur inn í tóftina. Miðrými tóftarinnar er um 2 m á breidd og 8 m á lengd. Við eystri vegg þess rýmis í norðurendanum sveigir veggurinn lítið til vesturs í tæplega hálfan metra. Vestasta rými er um 3 m á breidd og 8 m á lengd. Að sögn heimildarmanns eru tóftin rústir fjárhúss og hlöðu sem nýtt var af ábúendum í Götuhúsum og minnst hann þess að húsin voru með bárujárnsþaki um miðja síðustu öld (Grétar Zóphaniasson).

Móhús eystri 182319-157-4

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Óþekkt

Staðsetning: E: 398558

N: 371984

Skekkja: 4,5

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildarmaður: Páll Sigurgeirsson

(1012308139)



Staðhættir

Um 5 m S af SA horni hússins Sæfells, og um 50 m vestur af tóft [3] er gryfja. Hlutverk hennar er óþekkt en á þessum slóðum stóð smiðja að sögn heimildarmanns. Smiðja var við hjáleiguna Móhús eystri er Eiríkur Þórðarson bjó þar á árunum 1850-1870 (Guðni Jónsson 1952:229).

Lýsing

Gryfjan er að innanmáli um 10 m NV-SA og um 10 m í NA-SV, og er hún alveg ferköntuð. Gryfja þessi hefur verið nýtt undir rabbabaragarð á síðustu árum. Hún er um

30-40 sm djúp og sér glitta í hleðslusteina víða, annars er hleðslan alveg hulin jarðvegi.
Utanmál hleðslu er ekki sjáanlegt þar sem yfirborð lóðarinnar er þar jafnhátt hleðslunni.

Móhús eystri 182319-157-5

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: E: 398548 N: 372024

Skekkja: 4,5

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildarmaður: Páll Sigurgeirsson (1012308139)

Staðhættir

Brunnur var þar sem nú er SV horn lóðar Sæfells (Móhúsa eystri/Stjörnusteina 4). Hann var um 15 m SV af húsinu, um 50 m SA frá Móhúsum vestri, og um 6 m A frá götunni Stjörnusteinum (Páll Sigurgeirsson).

Lýsing

Fyllt hefur verið upp í brunninn en þar sem hann stóð hefur verið gróðursettir runnar sem umkringja smá lóðarblett. Brunnurinn var þá nánar tiltekið í SV horni þess lóðarbletts. Ekki sér móta fyrir brunninum á yfirborði.

Móhús eystri 182319-157-6

Utan deiliskipulagsreits

Hlutverk: Skóli

Tegund: Heimild

Staðsetning: E: 398666 N: 372087

Skekkja: 4,5

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var Götuhúsaskóli sunnan við Götuhús, austan við götuna Stjörnušteina og vestan við Björgvin [165571-151-89]. Lóð Miðtúns (Stjörnušteinar 12), N við húsið, er sennilega staðurinn sem Götuhúsaskóli stóð á. Um hann sjást engar minjar á yfirborði. „Sumarið 1909 var loks ráðizt í byggingu nýs skólahús. Það var timburhús, tvær allrúmgóðar kennslustofur, og stóð á túninu í Eystri-Móhúsum norðan við bæinn, en fyrir sunnan Götuhús. Fékk hreppsnefndin á leigu 250 ferfaðma lóð umhverfis skólann hjál eigendum Stokkseyrartorfunnar fyrir 15 kr. árlegt eftirgjald." (Guðni Jónsson 1961:139). „Sumarið 1950 var henni [byggingu nýs skólahúss] það langt komið, að hreppsnefndin sá sér fært að selja gamla skólahúsið. Var þá verið að stofna fiskþurrkunarhús á Stokkseyri, og keyptu stofnendur þess gamla skólann og rifu hann þá um sumarið og byggðu upp úr honum Þurrkhús Stokkseyrar." (Guðni Jónsson 1961: 147).

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1961. *Stokkseyringa saga*. Síðara bindi. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.

Móhús eystri 182319-157-7

Hlutverk: Kálgarður Tegund:

Heimild

Staðsetning: E: 398561 N: 372004

Skekkja: 4,5

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti Móhúsa eystri sem líklega var teiknað árið 1920, má sjá skráðan bæ, matjurtagarð, sem var alveg upp við bæinn, og barnaskóla. Stærð túnsins var þá 1,8 ha og helmingur þess sléttur, matjurtagarðar voru 1764 m² að stærð (Túnakort. [1920.] *Móhús eystri*). Matjurtagarðarnir voru 1380 m² að stærð árið 1932 (*Fasteignabók*. 1932: 11). Ekki er vitað hvenær þessi garður var upphaflega gerður, en þess má geta að árið 1820 „... eru taldir hvorki meira né minna en 100 kálgarðar í Stokkseyrarhreppi." (Guðni Jónsson. 1960:142). Í sýslulýsingu frá 1842 segir svo um garðræktina í hreppnum: „Kálgarðarækt er hér í góðu gengi, og mun varla nokkurt býli vera hér í sýslunni, á

hvörju ei sé velræktaður kálgarður og á sumum tveir. Mest er hér stundað grænkál, kálrabi undir jörðu og mairófur. Nokkrir hafa stundað jarðeplarækt, en fáum heppnast." (Árnessýsla. 1979:41).

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðán Jónsson*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag.

Fasteignabók. 1932. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931.

Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík: [Fjármálaráðuneytið.]

Guðni Jónsson. 1960. *Stokkseyringa saga*. Fyrri bindi. Reykjavík: Stokkseyringafélagið í Reykjavík.

Túnakort. [1920.] *Móhús eystri. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafu Íslands.

Móhús eystri 182319-157-8

Sérheiti: Móhús eystri

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn, en ekki er ósennilegt að húsið hafi staðið á eða nálægt hinu íbúðarhúsinu sem stóð á bæjarhólnum [1], eða þar sem fjárhústóft er nú [3].

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185). Ekki verður betur séð en árið 1910 hafi staðið tvö íbúðarhús kallast Móhús eystri. Annað 7 herbergja [1], en ekki er herbergjafjöldi hins þekktur (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*.1997:172-5).

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th.

Kjartansson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-9

Sérheiti: Móhús eystri

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn, en ekki er ósennilegt að húsið hafi staðið á eða nálægt hinu íbúðarhúsinu sem stóð á bæjarhólnum [1], eða þar sem fjárhústóft er nú [3].

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185). Hugsanlegt er að þá hafi verið hætt búsetu í einu bæjarhúsanna, því í *Manntali* sem tekið var árið 1910 kemur fram að einungis hafi verið tvö íbúðarhús á Móhúsum eystri (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997: 172-5).

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th.

Kjartansson sá um útgáfuna. Reykjavík: Ættfræðifélagið.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-10

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-11

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Hotfín: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-12

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-13

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-15

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-16

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann arið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfu: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-17

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfu: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-18

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Móhús eystri 182319-157-19

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Ókunn

Horfin: Já

Staðhættir

Bæjarhúsin í Móhúsum eystri voru 3 fyrir jarðskjálftann árið 1896, og peningshúsin 10. Í skjálftanum skemmdist eitt bæjarhús mjög mikið og tvö lítið, þrjú peningshús gjörféllu, eitt skemmdist mjög mikið og sex skemmdust lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899- 1905: 185).

Heimildaskrá

Þorvaldur Thoroddsen. 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Niðurlag

Fornminjar sem tengjast Móhúsum eystri voru aðalskráðar haustið 2005. Sú skráning var endurskoðuð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skipulagsreit sem ætlaður er íbúðarhúsum nr. 1, 2, 2a, 3 og 5 við götuna Dvergasteina. Stærstur hluti skipulagsreitsins hefur verið sléttaður, en við norðaustur brún hans er þó óhreyft land. Á því svæði er einu sjáanlegu minjarnamar á reitnum, túngarður [2] sem hefst um 20 m suðaustur frá húsinu Sæfelli (Stjörnusteina 4) og liggur þaðan í austur í um 13 m. Hann sveigir svo í norðaustur og endar um 2 m vestur af tóft [3]. Þessi tóft er rétt utan við skipulagsreitinn, en það er álit skýrsluhöfunda að nauðsynlegt sé við framkvæmdir á skipulagsreitnum að gæta þess í hvívetna að raska ekki tóftinni, hvorki við byggingar- né lóðaframkvæmdir.

Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt ekkert sjáist í þær ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.